

# Bráðabirgðarreglugjörð

um

## niðurjöfnun og innheimtu vatnsskatts í Reykjavíkurborg.

### 1. gr.

Af öllum húsum í lögsagnarumdæmi kaupstaðarins, sem virt eru til brunabóta og standa á lóð, er liggur að götu eða vegi eða opnu svæði, þar sem vatnsæðar liggja, skal greiða vatnsskatt. Sama er og um önnur hús, er fá vatn leitt úr vatnsveitu bæjarins. Skatturinn skal lagður á eftir virðingarverði húsanna til brunabóta. Skattinn skal einnig greiða af virðingarverði fastra vjela, sem í húsinu eru, ef þær eru vátrygðar ásamt því.

### 2. gr.

Húsum kaupstaðarins skal skift í flokka til skatts, sem hjer segir:

#### 1. flokkur.

Allar byggingar, sem engin íbúð er í:

Af fyrstu 10,000 kr. virðingarverðsins . . . . .	3 <sup>1</sup> / <sub>2</sub> <sup>0</sup> / <sub>00</sub>
Af næstu 10,000 kr. virðingarverðsins . . . . .	3 <sup>0</sup> / <sub>00</sub>
Af því sem fram yfir er 20,000 kr. virðingarverðsins . . . . .	2 <sup>0</sup> / <sub>00</sub>

#### 2. flokkur.

Hús, sem að eins er 1 íbúð í:

Af fyrstu 10,000 kr. virðingarverðsins . . . . .	3 <sup>3</sup> / <sub>4</sub> <sup>0</sup> / <sub>00</sub>
Af næstu 10,000 kr. virðingarverðsins . . . . .	3 <sup>1</sup> / <sub>4</sub> <sup>0</sup> / <sub>00</sub>
Af því sem fram yfir er 20,000 kr. virðingarverðsins . . . . .	2 <sup>1</sup> / <sub>2</sub> <sup>0</sup> / <sub>00</sub>

#### 3. flokkur.

Hús, sem 2 íbúðir eru í:

Af fyrstu 10,000 kr. virðingarverðsins . . . . .	4 <sup>0</sup> / <sub>00</sub>
Af næstu 10,000 kr. virðingarverðsins . . . . .	3 <sup>1</sup> / <sub>2</sub> <sup>0</sup> / <sub>00</sub>
Af því sem fram yfir er 20,000 kr. virðingarverðsins . . . . .	3 <sup>0</sup> / <sub>00</sub>

#### 4. flokkur.

Hús, sem eru í 3 íbúðir eða fleiri:

Af fyrstu 10,000 kr. virðingarverðsins . . . . .	4 <sup>1</sup> / <sub>2</sub> <sup>0</sup> / <sub>00</sub>
Af næstu 10,000 kr. virðingarverðsins . . . . .	4 <sup>0</sup> / <sub>00</sub>
Af því sem fram yfir er 20,000 kr. virðingarverðsins . . . . .	3 <sup>1</sup> / <sub>2</sub> <sup>0</sup> / <sub>00</sub>

Af húsum þeim, er vatn nota til annars en venjulegra heimilisparfa, **116** vegna atvinnu, sem í þeim eru rekin, greiðist aukagjald  $1\frac{0}{100}$  af virðingarverð- **30. des.** inu, ef aukagjaldið er ekki ákveðið sjerstaklega samkvæmt 3. gr.

Auk gjalds þessa greiðir húseigandi 6 kr. árlega fyrir hvert vatnssalerni, sem í húsinu er, og 4 kr. fyrir hvern hana utanhúss.

Fyrir hvern stórgrip greiðist 1 kr. sem aukagjald.

### 3. gr.

Vatnsskattur fyrir hreyfivjelar, verksmiðjur, baðhús, þvottastöðvar, iðnaðarfyritæki og fyrir vatn til annarar slíkrar notkunar, skal venjulega ákveðinn með samningi. Náist ekki samkomulag um upphæð skattsins, skal hann innheimtur eftir mæli. Greiðist þá af ársbrúkun hverri 1 kr. fyrir hverja 100 hektólítra upp að 10 þúsund hektólitrum, en minna fyrir það, sem umfram er, eftir nánari ákvörðun vatnsnefndarinnar og eftir því, hve mikið er notað.

Vatnsveitan leggur til mæli, en notandi greiðir 12 kr. á ári í leigu fyrir hann. Sjerstakt leyfi vatnsnefndar þarf til að setja mótorá í samband við vatnsæðarnar.

### 4. gr.

Fyrir vatn, er látið er úti til skipa á höfninni, greiðast 60 aurar fyrir hvert tonn.

### 5. gr.

Engum er heimilt að taka vatn úr brunahönum vatnsveitunnar, án leyfis borgarstjóra.

### 6. gr.

Vatnsskatturinn greiðist fyrir liðinn ársfjórðung hvern og fellur í gjald-daga 31. mars, 30. júní, 30. september og 31. desember, og greiðist í fyrsta sinn 31. desember næstk.

### 7. gr.

Reglugjörð þessa skal endurskoða innan 1. janúar 1911.

Reglugjörð þessi, sem bæjarstjórn Reykjavíkurkaupstaðar hefir samið, staðfestist hjermeð samkvæmt lögum 22. nóv. 1907, um vatnsveitu fyrir Reykjavík, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 30. desember 1909.

**Björn Jónsson.**

*Jón Hermannsson.*